



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; kaffihús (Elding II), skipaskráningarnúmer 7489.

Nafn leyfishafa: Eldrún ehf.

Heimilisfang: Ægisgarður 5C

Póstnúmer: 101

Kennitala: 600401-2030

Útgáfudagur leyfis: 17. júlí 2025

Gildir til: 17. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 17. júlí 2025



**Greinargerð með starfsleyfi fyrir veitingastað/kaffihús Elding II  
skipaskráningarnúmer 7489.**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund krá, Bakken Rvk að Frakkastíg 7 þann 25. júní 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 4. júlí 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Eldrún ehf. kt. 600401-2030.

**Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar veitingahúss í Eldingu II  
7489.**

Umsókn Eldrúnar ehf., kt. 600401-203, dags. 15. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1846. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 17. júlí 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Elding II) skipaskráningarnúmer 7489. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

Reykjavík, 15. ágúst 2025